

Fundargerð ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja 2014

Fundur var haldinn þriðjudaginn 6. maí kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Björk Guðjónsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð sem ritari. Samþykkti fundurinn það einróma. Björk tók því næst við sem fundarstjóri og kynnti dagskrá fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár Þekkingarsetursins. Meðal annars var fjallað um stefnu og markmið setursins og helstu verkefni síðasta árs. Skýrsla stjórnar er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins www.thekkingarsetur.is

3. Ársreikningur síðasta árs

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2013 og útskýrði hann. Ársreikningurinn er endurskoðaður og áritaður af Lilju Dögg sem er löggiltur endurskoðandi. Spurt var út í neikvæða rekstrarniðurstöðu síðasta árs sem orsakaðist af nauðsynlegum framkvæmdum á fyrsta starfsári Þekkingarsetursins en fjármunir fengust til framkvæmdanna vegna rekstrarafgangs ársins 2012. Fjárhagsáætlun ársins í ár lítur betur út og hefur staðist það sem af er. Fjármunir setursins eru engu að síður takmarkaðir og má lítið út af bregða miðað við núverandi framlög, enda innkoma setursins háð utanaðkomandi þáttum eins og ríkisframlögum til rannsókna og styrkveitingum ýmiskonar. Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar, sagðist sem fulltrúi Sandgerðisbæjar vera mjög ánægður með hvernig til hefur tekist við uppbyggingu Þekkingarsetursins. Hann sagði mikilvægt að allt kapp yrði lagt á að passa upp á starfsemina í húsinu og að allir þyrftu að vinna saman að því að tryggja verkefninu fé.



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða og er aðgengilegur á heimasíðu þekkingarsetursins.

4. Starfsáætlun ársins 2014

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2014. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu þekkingarsetursins.

5. Önnur mál

Engin önnur mál. Fundi var slitið kl. 17:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Sigrún Árnadóttir - SIGN

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN